

# Morgunblaðið

## mbl.is/gagnasafn

Priðjudaginn 9. september, 2008 - Aðsent efni

## Er ég umhverfissfasisti?

Héðinn Sveinbjörnsson skrifar um umhverfismál í Kópavogi



Héðinn  
Sveinbjörnsson

Héðinn Sveinbjörnsson skrifar um umhverfismál í Kópavogi: "Að saka þá sem búa á Kársnesi um umhverfissfasisma fyrir það eitt að mótmæla er alveg út í hött"

Í Morgunblaðinu hinn 1. september síðastliðinn skrifaði Halldór Jónsson um umhverfissfasisma fámenns hóps „upphlaupsmanna“ á Kársnesi. Honum er ekki mikið annt um íbúalýðræði því á skrifum hans ber að skilja að við íbúarnir höfum ekkert um málefni bæjarins að segja, nema á 4 ára fresti þegar kosningar eru. Ef við erum ekki sátt þá eigum við bara að þegja og hlýða kjörnum fulltrúum og kjósa þá bara frá næst. Við sem búum á Kársnesinu erum ósátt við vinnubrögð bæjaryfirvalda þegar kemur að skipulagi Kársness og höfum sýnt það í verki. Halldór grætur það að við, sem hann kallar öskurkór, höfum eyðilagt starf þeirra sem börðust fyrir Kópavogshöfn í sjötíu sumur. Tímarnir breytast og mennirnir með, Halldór. Þykir það boðlegt, árið 2008, að eina aðkoma að höfn, iðnaði og atvinnuhúsnæði sé í gegnum gróíð íbúðahverfi?

Í júlímánuði kynntu starfsmenn Kópavogsbæjar nýtt skipulag fyrir Kársnesið og mættu margir á kynninguna þrátt fyrir frekar óheppilega tímasetningu. Það sýnir bara áhuga og baráttuvilja okkar sem búum á Kársnesinu. Með ýmsum töfrabrögðum reyna bæjaryfirvöld að segja okkur að nýja skipulagið sé miklu betra en það sem var kynnt upphaflega. Vissulega á umferð eftir að aukast á Kársnesbrautinni en með því að sneiða af lóðum þeirra sem búa á götunni og setja glervegg á milli vega þá ætti hávaðinn og ónæðið af aukinni umferð að minnka. Þetta er sagt svo einfalt og samkvæmt Halldóri þá er það úbreiddur misskilningur hjá fólki að það eigi rétt á einhverju við það eitt að flytja að götu. Bæjarfélag ráðstafi landi í einstökum hverfum.

Æ Halldór, hvað erum við íbúar bæjarfélagsins? Einungis krónur í bæjarkassann? Þú krefst þess sem borgari í okkar ágæta bæ að fá að greiða um það atkvæði hvort eitt og annað skuli byggt upp hér. Þú greiddir væntanlega um það atkvæði þegar þú kaust féлага þína í Sjálfstæðisflokknum í síðustu bæjarstjórnarkosningum og með því fyrirgerðir þú þessum rétti. Þú vilt greiða atkvæði um það hvort götur Kópavogsbúa séu fyrir alla eða einhverja fáa. Hvað með okkur sem búum á Kársnesinu, megum við ekki segja okkar álit? Götur Kópavogs hafa löngum verið aðhlátursefni þeirra sem átt hafa leið um og marga hryllir við þá tilhugsun eina að eiga erindi inn í bæinn. Polir gatnakerfið á Kársnesinu meiri umferð og þá þyngri?

Ég er alinn upp í vesturbæ Kópavogs og margt hefur breyst til hins betra og þegar við hjónin fluttum til Íslands eftir að hafa verið búsett erlendis þá kom aðeins einn staður til greina fyrir okkur og börnin: Vesturbær Kópavogs. Við viljum það besta fyrir börnin okkar en Halldóri er væntanlega skítsama um það þar sem við lifum á atvinnustarfsemi í landinu. Græn svæði, blóm og börn passa ekki inn í það kerfi því ekki fáum við laun fyrir að njóta þess besta sem lífið hefur upp á að bjóða. Lífsgæði bæjarbúa eru ekki hátt skrifuð hjá Halldóri.

Kæru Kópavogsbúar, ég hef fengið nóg af yfiringangi bæjaryfirvalda í skipulagsmálum. Tökum höndum saman og látum í okkur heyra því við viljum svo sannarlega að góður bæ verði enn betri. Ef við þurfum að vera umhverfissfasistar til að ná þeim markmiðum; já, þá er ég

umhverfissfasisti!

Höfundur er íbúi á Kársnesi.

Slóð: [http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=1241550](http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1241550)

Skoðað: 2008-09-11 14:41

© mbl.is/Árvakur hf